

59 ríkinu, sem ráðgjafinn fyrir Ísland hefur sent mjer með brjefi 24. marz þ. á., en um-
20. maí. burðarbrjef þetta hefur inni að halda ýmsar nákvæmari upplýsingar um lögum á flösk-
um þeim, sem erfðaprinsinn af Monaco hefur kastað í Golfstrauminn, og skal jeg þjón-
ustusamlega skora á yður, að leggja fyrir lögreglustjórana í ömtum (amti) yðar, að gjöra
almenningi aðalatriðin í þessu umburðarbrjefi kunn á þann hátt, sem yður þykir bezt
við eiga.

60 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir vesturamtinu um sveitfesti Ragn-
24. maí. hildar Vigfúsdóttur. — Hreppsnefndin í Helgafellshreppi hefur með brjefi dagsettu 11.
janúar þ. á. skotið til landshöfðingja úrskurði vesturamtsins frá 17. nóv. f. á., er felldi
úr gildi úrskurð sýslumannsins í Snæfellsnessýslu dagsettan 9. október f. á., en með
þessum úrskurði sýslumannsins var ákveðið, að ekkjan Ragnhildur Vigfúsdóttir ætti sveit
í Eyrarhreppi. Af skjölum málsins sjest, að nefnd Ragnhildur fluttist vorið 1875 frá
Rimabæ í Eyrarsveit að Berserkjahrauni í Helgafellssveit til sonar síns Jóhannesar og var hjá
honum uns hann dó sumarið 1884, fór hún þá til ekkju hans Steinunnar Jónsdóttur og
hefur dvalið hjá henni síðan. Haustið 1884 var að vísu gerð aðsjón á bjargræði fyrstjeðrar
Steinunnar, og þaræð það virtist ónógt var henni veittur 18 kr. styrkur af sveitarsjóði, en
einsog amtið hefur ljóslega sýnt getur þessi styrkur ekki álitist veittur optnefndri Ragn-
hildi, sem þannig hefur dvalið yfir 10 ár í Helgafellssveit, án þess á þeim tíma að hafa
þegið nokkurn sveitarstyrk. Úrskurður amtsins ber því að standa óraskaður.

Í forföllum landshöfðingja.

Jón Pjetursson.

61 Brjef landshöfðingja til söfnunarsjóðsins í Reykjavík um hlunnindi samkvæmt
25. maí. tilskipun 5. jan. 1874 fyrir söfnunarsjóðinn í Reykjavík. — Eptir að bónaibrjef yðar,
dagsett 5. janúar þ. á um hlunnindi samkvæmt tilskipun 5. janúar 1874 fyrir «Söfnun-
arsjóðinn í Reykjavík» hefur verið borið upp fyrir ráðgjafanum, veiti jeg sjóði þessum
hlunnindi þau, er getur um í nefndri tilskipun, 1. og 3. tölulið, um 5 ára tímabil, er
teljist frá 11. júní þ. á., þó með þeim skilyrðum: að ábyrgð sú, sem stofnendur sjóðsins
hafa tekizt á hendur með 2. gr. samþykktar 7. nóvbr. 1885, skerðist ekki; að ákvarðan-

prófessor í Parísarborg hafa kastað í Golfstrauminn, rækju við strendur Danmerkur, að þær þá verði
teknar upp með nauðsynlegri varkárni og að sömuleiðis skjöl þau, sem í þeim eru, verði send annað
hvort utanríkisstjórninni í Parísarborg eða erfðaprinsinum af Monaco, og að þeim verði látin fylgja
skýrsla um, hvaða dag og hvar flöskurnar hafi fundizt og hvernig þær þá hafi verið á sig komnar.

Að því er snertir lögum á flöskum þessum, hefur dómsmálastjórnin fengið þessar upplýsingar:
Í Golfstrauminn hefur verið kastað flöskum eða hylkjum með þrennskunar lagi:

1, 10 koparkúlum, 30 centimeter (hjerumbil 1 fet danskt) að þvermáli; hver kúla samanstendur
af tveim hálfkúlum, sem eru skrúfaðar saman í „kantsjuk“, sem skotið er inn á milli, með skrúf-
nögglum, sem finnandi strax tekur eptir, svo hann á hægt með að opna kúluna.

2, 20 tunnur, er taka 16 potta, í lögum eins og ölanker, með þykkum stöfum og járnþentar,
tjargaðar að innan og fylltar haframylsnu.

3, 150 algengar flöskur, með tappa í og „kantsjuk“-loki þar yfir.

Í hverju hylki er blað; er þar á frakknesku, dönsku og fleiri málum skýrt frá tilgangi blaðs-
ins og skorað á menn, að koma því til yfirvaldanna. Blaðið er í lokaðri glerpípu og þannig vafið sam-
an, að sjá má nokkuð af því, sem á það er prentað. — — —